

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 342/1989. **Aða hf.**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Kristjáni Karlssyni

(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Valtýr Sigurðsson borgarfógeti.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrirsvarismaður áfrýjanda fól stefnda að annast hönnun á umbúðum fyrir myndbönd og hljómbönd. Honum var ljóst, að stefndi gat ekki annast vinnslu á filmum, sem til prentunar þurfti. Reikningar, sem stefndi krefst greiðslu á, eru frá fyrirtæki því, sem hann fól það verk. Áfrýjandi tók við gögnum þeim, sem fyrirtæki þetta gerði, og hagnýtti sér við gerð umbúðanna. Er ósannað, að annmarkar hafi verið á gögnum þessum eða að endurgjald það, sem krafist er, sé bersýnilega ósanngjarnt. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Aða hf., greiði stefnda, Kristjáni Karlssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. desember 1988, af Kristjáni E. Karlssyni, teiknistofu, auglýsingagerð, kt. 170359-2329, Nýlendugötu 6, Reykjavík, gegn Öðu hf., kt. 570883-0381, Trönuhrauni 6, Hafnarfirði.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnt fyrirtæki verði dæmt til þess að greiða stefnanda kr. 53.676 með 49,2% ársvöxtum frá 27. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem skal bera sömu vexti og að ofan greinir 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk lögmæltis söluskatts.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að stefnt fyrirtæki hafi falið stefnanda að annast fyrir sig vinnu við filmuvinnslu á umbúðum fyrir vídeóspólur, hljóðkassettur o.fl. Hafi verið unnið að þessu verki fyrir stefnt fyrirtæki, og að því loknu hafi stefnandi gert stefnda reikning nr. 29, dags. 27. september 1988. Nemi þar aðkeypt vinna hans frá Korpus skv. reikningum frá þeim (sic) kr. 53.676, sem sé stefnufjárhæðin. Gjaldldagi í viðskiptum aðilanna skyldi vera dagsetning reiknings.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst þannig, að Jón Aðalsteinn Jónsson, forsvarsmaður stefnda, hafi í byrjun árs 1987 gert munnlegt samkomulag við stefnanda um það, að hann hannaði kápu (videocover) á umbúðir um vídeóspólur. Sérstök áhersla hafi verið lögð á það af hálfu þessa forsvarsmanns stefnda að fenginni reynslu hans af viðskiptum sem þessum, að stefnandi skyldi leita tilboða, þyrfti hann á aðkeyptri þjónustu að halda við verkið. Tilboðin skyldi stefnandi síðan bera undir forsvarsmanninn, sem tæki afstöðu til þeirra.

Í upphafi hafi verið um það rætt, að stefnandi skilaði verkinu af sér

fljótlega, enda ekki viðamikíð. Um kostnað hafi ekki verið rætt að öðru leyti en að framan greini.

Reyndin hafi síðan orðið sú, að stefnandi hafi verið mjög lengi að ljúka verkinu, og því sé um miklar vanefndir hans að ræða, auk þess sem verkið varð mun dýrara en forsvarsmáður stefnda mátti búast við.

Stefnanda hafi verið greiddar kr. 181.047 fyrir verkið. Af hálfu stefnda hafi verið litið svo á, að um fullnaðargreiðslu væri að ræða, enda aldrei minnst á það af hálfu stefnanda, að um aðkeypta vinnu væri að ræða, sem framangreindar greiðslur hefðu þá ekki tekið til, og enda aldrei nein tilboð borin undir forsvarsmann stefnda.

Í byrjun október 1987 hafi stefndi fengið senda reikninga nr. 9113 og 9114 frá Korpus hf. vegna verks þessa. Hafi reikningum þessum verið mótmælt og stefnanda gerð sérstök grein fyrir því, að ekki yrði um frekari greiðslur að ræða vegna verksins. Ári síðar fái stefndi síðan reikning frá stefnanda, sem virðist að verulegu leyti byggja á tilvitnuðum reikningum frá Korpus hf., nema hvað þeir voru nú stílaðir á stefnanda og tilgreindur veittur afsláttur. Reikningi þessum hafi verið mótmælt með símtali.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að stefnda sé með öllu óskyldt að greiða reikningana fyrir verk, sem hann hafi aldrei óskað eftir og féllst aldrei á. Sýknukrafan byggist og á því, að stefndi hafi mátt treysta því, að með framangreindum greiðslum til stefnanda hafi hann að fullu greitt fyrir verkið. Það sé ósanngjarnt, að stefnandi heimti meira endurgjald, þegar framangreint er haft í huga, svo og að teknu tilliti til vanefnda hans.

Af hálfu stefnda er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar.

Niðurstaða.

Upplýst er í málinu, að stefndi fól stefnanda að annast fyrir sig hönnun á umbúðum um videóspólur og hljóðkassettur. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort stefndi hafi jafnframt falið stefnanda að hafa umsjón með filmuvinnslu, en upplýst er, að stefnda var ljóst, að slíka filmuvinnslu gæti stefnandi ekki unnið sjálfur. Ekki var samið um fast verð fyrir verkið. Hefur stefndi greitt stefnanda fyrir verkið að undanskildum reikningi vegna vinnu við filmuvinnslu, sem stefnandi fól Korpus hf. að vinna og krefur nú stefnda um í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi enga heimild haft til þess að leita til Korpus hf. um filmuvinnsluna án hans samþykkis, en af hálfu stefnanda er því haldið fram, að honum hafi verið falið að annast hönnun og hafa umsjón með filmuvinnslu á umræddum umbúðum.

Ósannað er, að stefndi hafi falið stefnanda að annast filmuvinnslu fyrir sig. Hins vegar hefur komið fram, að stefndi tók við þeirri vinnu, er unnin var á vegum Korpus hf., og nýtti sér hana, og ber honum því að greiða

fyrir vinnuna. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi þurft að láta endurvinnna filmuvinnuna að meira eða minna leyti, en telja verður þessa fullyrðingu stefnda ósannaða. Þá þykir ekki sýnt fram á, að verð það, sem krafist er fyrir vinnuna, sé ósanngjarnt.

Ber því með hliðsjón af framansögðu að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefnda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 45.000, þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Aða hf., greiði stefnanda, Kristjáni E. Karlssyni, kr. 53.676 með 49,2% ársvöxtum frá 27. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta. Þá greiði stefndi, Aða hf., stefnanda, Kristjáni E. Karlssyni, kr. 45.000 í málskostnað, og ber málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við málskostnaðar-fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafs-dag vaxta.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.